



Kópavogi, 30. ágúst 2024

Kæru foreldrar/forsjáraðilar,

Í kjölfar skelfilegs atburðar eftir að Menningarnótt lauk, þar sem hnífi var beitt með alvarlegum afleiðingum, vill starfsfólk skóla- og frístundapjónustu hjá Kópavogsbæ hvetja foreldra til að ræða við börnin sín um hversu hættulegt það getur verið að ganga með hníf. Því miður hefur borið á því að börn hafi verið með hníf á sér í skóla- og frístundastarfi. Slíkt er óásættanlegt og við verðum öll að leggjast á eitt til að stöðva þessa þróun með öllum ráðum.

Í skóla- og frístundastarfi í Kópavogi er allur vopnaburður stranglega bannaður og ef barn verður uppvíst að því að bera vopn er það gert upptækt, haft samband við foreldra og málið tilkynnt til lögreglu og barnaverndar í öllum tilvikum.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að ákveðnir þættir vernda börn gegn áhættu hegðun eins og samvera foreldra og barna, foreldrar sýni umhyggju og setji skýr mörk. Foreldrar þekki vini barna sinna og foreldra þeirra. Foreldrar taki skýra afstöðu gegn neyslu barna á áfengi og vímuefnum og kaupi hvorki fyrir þau áfengi né leyfi eftirlitslaus party.


Mikið forvarnagildi er falið í þátttöku barna í skipulögðu íþrótta- og frístundastarfi, og að lögbundinn útivistartími sé virtur. Mikilvægt er að foreldrar séu virkir þátttakendur í foreldrastarfi og taki þátt í starfi foreldrafélaga, foreldrarölti og bekkjarstarfi.

Með verndandi þætti að leiðarljósi getum við í sameiningu tekist á við stórar áskoranir með góðum árangri. Ræðum þessi mál við börnin, vini barnanna og foreldra þeirra og leggjum okkar af mörkum til að auka farsæld barna.

Starfsfólk í skóla- og frístundastarfi mun áfram leggja áherslu á að vopnaburður er stranglega bannaður í skóla- og frístundastarfi. Stígum fast til jarðar - saman!

Virðingarfyllst,


Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildarstjóri grunnskóladeildar


Amanda K. Ólafsdóttir
Deildarstjóri frístundadeildar